

Helga Kress. Óparfar unnustur og aðrar greinar
um íslenskar bókmenntir. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun
Háskóla Íslands, 2009. Upphaflega í Ný Saga

CONFESSIO TURPISSIMA

Um skriftamál Ólafar ríku Loftsdóttur

Sumarið 1981 var haldin í Skálholti norræn ráðstefna um stöðu norrænna kvenna á miðöldum. Þar flutti Magnús Stefánsson, prófessor í sagnfræði við Háskólann í Björgvin, fyrirlestur um svokölluð skriftamál Ólafar ríku Loftsdóttur. Skriftamálin eru mjög sérkennilegur texti, kaþólsk syndajátning lögð konu í munn sem skriftar þar opinskátt fyrir sínum andlega föður, m.a. um kynlíf sitt. Þessi texti hefur varðveist í handriti frá ofanverðri 18. öld og hefur hingað til aðeins einu sinni verið gefinn út í heild, í VI. bindi *Íslensks fornbréfasafns* árið 1900. Þar er hann umsvifa-laust, en innan hornklofa þó, eignaður Ólöfu ríku Loftsdóttur (1410–1479) og árs settur við dánarár hennar.¹ Ólöf ríka er með frægustu konum Íslandssögunnar, eiginkona Björns ríka Þorleifssonar hirðstjóra sem Englendingar drápu í Rífi á Snæfellsnesi árið 1467, en þau bjuggu miklu búi á Skarði á Skarðsströnd.²

Eins og konur hafa alltaf verið

Fyrirlestur Magnúsar Stefánssonar birtist ekki á prenti fyrr en árið 1992 og þá í mjög breyttu formi.³ Um meginefni hans má þó lesa í viðtali

1 „Skriftamál [Ólafar Loftsdóttur],“ *Íslenskt fornbréfasafn* VI, bls. 236–247. Skriftamálin eru í heftinu sem kom út árið 1900. Formáli útgefanda, Jóns Þorkelssonar, er á bls. 236–238.

2 Mjög miklar heimildir og sagnir eru til um þau hjón. Sjá m.a. Björn Þorsteinsson, *Enska öldin í sögu Íslendinga* (1970), Einar Bjarnason, *Íslenskir ættstuðlar* II (1970), Arnór Sigurjónsson, *Vestfirðingasaga* 1390–1540, Jón Samsonarson, „Bændaháttur,“ *Gripla* V, 1982, og Einar G. Pétursson, „Fróðleiksmolar um Skarðverja,“ *Breiðfirðingur* 1990.

3 Magnús Stefánsson, „Seksualitet og synd í middelalderen,“ *Liv og helse i middelalderen* (1992), bls. 49–60. Hér nefnir hann Ólöfu ríku ekki á nafn fremur en hún hafi aldrei verið við skriftamálin kennd. Þau telur hann þó eftir sem áður skriftamál konu og sammannlega heimild um „mentalitet“ kvenna á öllum öldum.

við hann í *Morgunblaðinu* 12. júlí 1981.⁴ Þar segist hann hafa tekið fyrirlesturinn saman á vegum kvennahreyfingarinnar og kvennasögurannsókna: „Saga kvenna verður auðvitað að koma fram eins og saga okkar karlmanna.“

Eins og flest önnur umfjöllun um Ólöfu ríku byrjar viðtalið á tilvitnun í ummæli hennar þegar henni er fært sundurbrytjað lík mannsins síns í poka: „Ekki skal gráta Björn bónda, heldur safna liði.“ Þetta telur Magnús vafasöm ummæli og bætir við: „En til er önnur og áþreifanlegri heimild um Ólöfu Loptsdóttur, sem ekki er síður merkileg fyrir nútímafólk. Það eru skriftamál þau sem henni eru eignuð.“ Athyglisvert er að hann efast um munnmælasöguna en ekki um hina rituðu heimild. Þótt Ólöf sé „að vísu [...] ekki nefnd með nafni“, telur Magnús ekki vafa á því „að þarna geti varla verið um aðra en Ólöfu Loptsdóttur að ræða“ og að þetta séu „einkaskriftamál“ hennar. Hann segist hafa velt því fyrir sér hvort þarna gæti verið um að ræða „fölsun frá seinni tímum“, en ekki getað fundið að svo væri: „Plaggið ber öll einkenni hins katólska skriftamáls.“ Skriftamálin tekur hann til vitnisburðar um líf kvenna, ekki aðeins á tíma Ólafar, heldur öllum tímum. „Konurnar voru þá alveg eins og þær eru í dag og hafa alltaf verið,“ segir Magnús. „Skriftirnar eru svo sammannlegar og utan við tímamörk, að hver og ein kona á öllum öldum getur fundið sig þar heima.“ Þessu til áréttingar telur hann upp syndirnar sem Ólöf hefur á samviskunni. Hann segir það ekki koma á óvart „þótt Ólöf telji sér til synda að hún hafi verið kærulaus í sinni trú, bölvað og ragnað, verið óblíð, misnotað vald sitt yfir öðrum, skipað vinnuhjúum til vinnu á helgidögum, ekki sinnt fátækum sem skyldi, verið langrækin og illgjörn við alla nema helzt móður sína [...] En þegar kemur að kynlífinu og hjúskaparlífi hennar, er þar að finna margar syndir, sem koma nútímafólki líklega nokkuð spánst fyrir sjónir, þótt kunnuglegar séu.“ Undir yfirborðinu er „þessi miðaldakona ákaflega lík nútímakonunni“ og er „einsog konur eru gjarnan enn“. Hún beitir „valdi sínu gegn þeim sem

4 „Skriftamál Ólafar ríku Loptsdóttur,“ *Morgunblaðið* 12. júlí 1981, bls. 48-49. Segist blaðamaðurinn, Elín Pálmadóttur, byggja umfjöllun sína á viðtali við Magnús og greinargerð hans. Ekki eru alltaf skýr mörk milli þess sem blaðamaðurinn segir og þess sem hún hefur eftir viðmælandanum.

hjá henni vinna“ og er „vond við manninn sinn“. Þetta er „aðsópsmikil kona“, segir Magnús, „og ákaflega myndug, en eðlið er veikt.“

Mulier spectabilis

Einu samtímaummælin um Ólöfu Loftsdóttur er að finna í bréfi sem Kristján fyrsti Danakonungur skrifaði á latínu til Karls Frakkakonungs og dagsett er 7. apríl 1457. Þar segir hann frá svaðilför Björns Þorleifssonar sem hafi komið á hans fund eftir að hafa verið tekinn fastur í Skotlandi ásamt sinni háttvirtu frú sem hann titlar „mulierem spectabilem“. ⁵ Það segir heilmikið um hvernig litið hefur verið á Ólöfu í sögunni að í ritgerð um Björn Þorleifsson frá 1956 þýðir Björn Þorsteinsson þennan hlutlausu kurteisistitil sem „hið mesta glæsikvendi“. ⁶ En um kvonfang Björns hefur hann þetta að segja:

Hann var kvæntur Ólöfu Loftsdóttur hins ríka á Skarði; en hún er einna kunnust íslenzkra miðaldakvenna, og í konungsbréfi frá þessum tíma er hún talin hið mesta glæsikvendi, svo að það hefur þótt sópa að henni við dönsku hirðina. ⁷

Út frá eigin rangþýðingu á orðum konungs sér sagnfræðingurinn Ólöfu fyrir sér glæsilega og aðsópsmikla (sbr. einnig Magnús Stefánsson síðar) og gerir að kvendi. Í bréfi konungs er hins vegar ekkert sem bendir til að hann hafi svo mikið sem litið Ólöfu augum, hvað þá að hún hafi tekið sig út við hirðina. Með þessu býr Björn Þorsteinsson til vísi að sögu um Ólöfu sem íslenska glæsikvendið í skemmtanalífi dönsku hirðarinnar þótt hann að öðru leyti hafni öllum sögusögnum um hana, m.a. þeirri frægustu um hefndirnar. Skriftamálin nefnir hann ekki í þessu samhengi. Þó má vera að hann hafi haft þau í huga við lýsinguna á glæsikvendingu Ólöfu, sbr. ritdóm hans um *Vestfirðingasögu* Arnórs Sigurjónssonar þar

5 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 149.

6 Latneska lýsingarorðið „spectabilis“ getur að vísu þýtt sýnilegur, jafnvel ásjálegur (eins og Björn Þorsteinsson hefur skilið það), sbr. enska orðið „spectacle“, sýning, en oftar háttvirtur, virðulegur, sbr. enska orðið „respectable“, og er þannig notað í titlum.

7 Björn Þorsteinsson, „Fall Björns Þorleifssonar á Rífi og afleiðingar þess“, *Safn til sögu Íslands*. Annar flokkur. I. 4. Bls. 12.

sem hann hrósar honum fyrir að tengja Ólöfu skriftamálunum og gæða hana þannig „lífi og litum“.⁸

Handritið

Skriftamálin hafa varðveist í pappírshandriti með yfirskriftinni „Confessio turpissima uppskrifuð eftir gamalli pergamentis rollu anno 1773.“⁹ Í nákvæmum formála fyrir útgáfunni í *Íslensku fornbréfasafni* VI telur Jón Þorkelsson að skrifarinn sé Ásgeir Bjarnason (1703–1773), prestur í Dýrafirði.¹⁰ „Hann var merkismaður, hægur og siðlátur, ágætur skrifari og hefir skrifað upp fjölda handrita, hagameltur nokkuð,“ segir um hann í *Íslenskum æviskrám*.¹¹ Í handritinu eru skriftamálin ekki eignuð neinum. Í formálanum vitnar Jón Þorkelsson í bréf frá Hannesi Þorsteinssyni, dagsett 23. apríl 1898, þar sem hann eignar þau Ólöfu ríku Loftsdóttur og telur að frumritið hafi verið til langt fram á 19. öld. „Svo sagði Pétur Eggerz (d. 1892) frá Akreyjum, er manna fróðastr var um ýmsa hluti, að hann hefði séð á Skarði á Skarðsströnd frumritið af skriptamálum Ólöfar ríku Loptsdóttur, og hefðu verið ófögr.“¹² Þykir Hannesi „einginn vafi á, að þessi afskrift í Jsig. 308, 8vo, sé einmitt afskript þessara skriptamála, þótt nafn Ólöfar sé ekki nefnt, af því að niðurlagið vantar.“ Einnig kynni nafns hennar ekki að vera getið í frumritinu þar sem „skjal þetta mun

8 Sbr. neðanmálgrein 30 hér á eftir.

9 Lbs JS 308 8vo. Þetta eru 11 blöð, bundin aftast í kver með ýmsum skjölum. Skriftamálin enda í miðri setningu neðst á blaði 11r og er baksíðan auð. Hér hefur því ekki týnst blað aftan af, heldur hefur skrifarinn af einhverjum ástæðum hætt skriftunum. Upphaf skriftamála er til á fjögrablaðabrotsblaði, einnig Lbs JS 308 8vo. Það er samhljóða aðalhandritinu að því undanskildu að fyllt er í eyðu fyrir nafn skrifabarns.

10 Jón Þorkelsson, „Skriptamál [Ólöfar Loptsdóttur],“ *Íslenzkt fornbréfasafni* VI, bls. 236. Á sömu blaðsíðu telur Jón, og hefur eftir Hannesi Þorsteinssyni, að Ásgeir hafi „dáið frá afskriftinni, og því vanti niðurlagið af skriftamálunum.“

11 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 88. Að vísu telur Páll Eggert að Ásgeir hafi látist árið 1772. Jón Þorkelsson hrekur þetta með tilvísan til bæði Hannesar Þorsteinssonar og handrits eftir „meistara Hálfðan Einarsson“ þar sem segir „að séra Ásgeir hafi dáið 1773, og verðr það að vera rétt.“ *Íslenzkt fornbréfasafni* VII, bls. 236 nm.

12 *Íslenzkt fornbréfasafni* VI, bls. 237. Þá vitnar Jón Þorkelsson einnig til Magnúsar Ketilssonar sem geti þess „árið 1800 í riti sínu um kirkjur á Íslandi [...] að til séu enn tvenn skriptamál [...] ‘som de to fornemme Koner *Solveig Thorleifsdatter* og *Solveig Björnsdatter* siges at have gjort, og som deres Confessionarius eller en anden, som de have aabenbaret deres Bekjendelse, har skriftlig forfattet.“ (237) Telur Jón að skriftamálin sem Magnús eignar Solveigu Þorleifsdóttur séu „einmitt skriptamál Ólöfar“ (237).

aldrei hafa átt að flækjast margra á milli“. Þá sjáist það á skriftamálunum „að kona sú, er þar um ræðir, hefir verið stórauðug, átt eignir í öðrum landsfjórðungum og verið opt á ferðalagi, er alt getr átt vel heima um Ólöfu.“ Við þessi orð í bréfi Hannesar segir Jón Þorkelsson að fáu sé að bæta og sé „flest í þeim tekið fram, sem þarf“. ¹³ Þó getur hann þess að „kona þessi segir á einum stað, að hún hafi verið svo ríkilát, að einginn maðr ‘þorði mér ásakan að gefa’, og er leit á konu um langt skeið í sögu Íslands það, er hér getr verið um að ræða, annari en Ólöfu Loptsdóttur.“ ¹⁴ Allur blærinn á skjalinu sé „rótgróinn 15. aldar blær, og sýnir það manni vel, hvað nærgaungulir og atfréttir klerkarnir hafa verið í skriptastólnum hér á landi í páfadóminum.“ ¹⁵ Að lokum tímasetur hann það við dánarár Ólafar 1479, „því að helst er ætlanda, að þau muni gerð á efstu stundum hennar.“ ¹⁶

Í VII. bindi *Íslensks fornbréfasafns* eru prentuð önnur skriftamál, einnig lögð konu í munn. eru þau eignuð dóttur Ólafar ríku, Solveigu Björnsdóttur, og ársett án skýringa við dánarár hennar 1495. Í skýringum kemur fram að þau hafa varðveist í pappírshandriti með hendi Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal frá um 1770, „eptir frumritinu, sem var á pergamentsrollu.“ ¹⁷

13 Jón Þorkelsson, *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 237. Ekki er útilokað að handrit með skriftamálunum hafi verið til á Skarði og það sé einmitt þess vegna sem þau hafa verið eignuð Ólöfu ríku. Í *Skýrslu frá Þjóðskjalasafninu í Reykjavík* frá 1917 segir frá miklu og fornu skjalasafni sem hafi verið til á Skarði á Skarðsströnd. „En auk þess var enn mikið safn á Skarði alla tíð Kristjáns Magnusens (d. 1871), en það kvað hafa geymt síðar af vatnshlaupi í leysingum í læknum, er hljóp í kjallarann, þar sem skjalasafnið var geymt.“ Bls. 68 nm. Þá segir Þorsteinn Þorsteinsson frá eyðingu handrita á Skarði í riti sínu um Magnús Ketilsson: „Sagt var, að seint á síðastliðinni öld hafi verið gjörð meginhreinsun á Skarði á hinum ‘gömlu skruddum og brjefarusli’ og margt þar dæmt á bál. Var þar viðstaddur bókbindari, er dæma skyldi um gildi bókanna, og var þá auðvitað farið meir að ytri gerð en innihaldi.“ Þorsteinn Þorsteinsson, *Magnús Ketilsson sýslumaður*, bls. 233. Handrit skriftamálanna hefur sennilega verið illa farið, hafi það verið til, þar sem ætla má að það hafi verið lesið af fleirum en Pétri Eggerz.

14 Jón Þorkelsson, *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 237.

15 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 238.

16 Sama.

17 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 238.

Confessio turpissima

Fyrirsögnin „Confessio turpissima“ merkir hin svívirðilegasta syndajátning og skírskotar til kynlífs.¹⁸ Það er einnig í kynlíflýsingunum sem skriftamálin breiða úr sér, og það svo mjög að sumt þótti ekki prenthæft og var fellt burt í útgáfu þess í *Íslensku fornbréfasafni*. Ekki er gerð grein fyrir þessu í formála, heldur einungis í skýringu neðanmáls við blaðsíðu 241: „Hér í þessu bréfi og í Hvassafellsbréfunum síðar, tákna punktar ekki að í hdr. vanti, heldr að feld séu úr orð, sem þóttu of klúr til að prentast.“ Ákvörðun um úrfellingar virðist ekki hafa verið tekin fyrr en búíð var að setja textann, því að klúru orðunum er einfaldlega kippt burt og fyllt í eyðurnar með punktalínunum. *Fornbréfasafnið* var gefið út á vegum Hins íslenska bókmenntafélags, og í fundargerð frá 30. desember 1899 má sjá að kallaður hefur verið saman sérstakur fundur í stjórnarnefndinni „til að ræða um, hvort prenta ætti í Fornbréfasafninu án úrfellinga Skriftamál Ólafar Loftsdóttur [...] og 2 bréf snertandi Randíði og föður hennar Bjarna Ólason [...]“. Hafði forseti félagsins, Björn M. Ólsen, „innsirklað nokkrar klausur í bréfunum, er hann áleit óprentandi vegna þess hve þær væru óhæfilega klúrar.“ Var stjórnarnefndin „samþykkt forseta um það.“¹⁹ Í fundargerð stjórnarnefndarfundar 6. mars 1900 kemur fram að „Fornbréfasafnsheftið þ.á. væri að mestu prentað“, og á aðalfundi 20. mars sama ár lætur forseti þess getið „að þær 24 arkir sem út kæmu í ár væru fullprentaðar“.

Nokkur hefti með heilum texta komust þó í gegnum ritskoðun stjórnarinnar, hvort sem búíð hefur verið að prenta þau þegar forseti uppgötvaði klúryrðin, eða þau hafa verið prentuð síðar, t.d. eftir að Björn M. Ólsen lét af embætti forseta í júní árið 1900, eða þegar VI. bindi *Fornbréfasafnsins* kom út í heild árið 1904. Einnig má vera að mótmæli fræðimanna hafi hér haft áhrif. T.a.m. segir Hannes Þorsteinsson í skýringum

18 „Turpissima“ er hástígg af lat. „turpis“ sem merkir ósæmilegur, siðlaus eða svívirðilegur og skírskotar til kynlífs. Orðið er notað um ákveðna tegund synða, sbr. íslenskan skriftaspegil frá 15. öld: „Sjötta grein kallast turpido af postulanum, það er í kossu, kreistingum og umfáðman, það er mortale, og því meiri sem hann tendrar með þvílíkum hlutum í sjálfum sér upp meira eld lostagirndarinnar.“ Sjá „Speculum penetentis“, *Opuscula* VIII, bls. 221.

19 „Gjörðabók Hins íslenska bókmenntafélags í Reykjavík, byrjuð 7. Febrúar 1880.“ Lbs án safnmarks.

við kaflann um Ólöfu ríku í *Sýslumannaæfum* Boga Benediktssonar að það sé „skaði stór, sem bókmenntafélagið hefur gert með því, að fella burtu kafla úr skriptamálum Ólafar ríku, í útgáfunni,“ því að þeir menn einir lesa fornbréfasafnið, er vel mega njóta til fulls fróðleiks þess alls, er skjöl safnsins geyma“ og að „slíkir útdrættir eiga ekki að sjást í vísindalegu riti.“²⁰ Undir þetta tekur síðan norski sagnfræðingurinn Edvard Bull í umfjöllun sinni um skriftamálin í *Folk og kirke i middelalderen* árið 1912, en hann hefur eingöngu haft ritskoðað eintak með höndum. „Det må også beklages,“ segir hann, „at utgiverne af Diplomatarium Islandicum, av velanstændighetshensyn som ikke hører hjemme i en videnskabelig utgave, har sløifet enkelte partier.“²¹

Skriftamál Ólafar eru sem sagt til án úrfellinga í nokkrum eintökum *Fornbréfasafnsins*, en sá texti er ekki ætlaður öllum. Eintak án úrfellingar er t.a.m. til inni á handritadeild Landsbókasafns, en ritskoðuð eintök höfð frammi í handbókasafni Þjóðarbókhlöðu og á lessal Þjóðdeildar.

Hamingjulítill en svallsöm

Í öllum þeim fjölda sagna sem mynduðust um Ólöfu ríku fyrr á öldum er hvergi minnst á skriftamálin. Fyrstu rituðu heimildirnar um þau er að finna í *Sýslumannaæfum* eftir Boga Benediktsson (1771–1849) á Staðarfalli frá fyrri hluta 19. aldar. Hann rekur þar ýmsar sagnir um Ólöfu og nefnir m.a. ritaðan „skriftagang“ sem henni hafi verið eignaður og sé „ófagur, ef satt væri“. Skriftaganginn telur hann róg, „upplostinn af klerkum“ sem vildu ná auði hennar.²² Í skýringum neðanmáls tekur Hannes Þorsteinsson fram að hér sé átt við „skriptamál Ólafar Loptsdóttur, sem eru prentuð í Íslenzku fornbréfasafni“. Séu þau „merkileg að því leyti, að efni þeirra er sérstakt og ólíkt flestum öðrum skjölum“ því að þau „sýna betur en flest annað ofstæki og strangleik klerkanna, er hafa ritað skriptamál þessi, að líkindum að mestu leyti eptir eigin geðþótta, án tillits til orða þess, er skriptamálin eru tileinkuð.“ Með þessu hafi þeir

20 *Sýslumannaæfir* II, bls. 513 nm.

21 Edvard Bull, *Folk og kirke i middelalderen*, bls. 169.

22 *Sýslumannaæfir* II, bls. 513. *Sýslumannaæfir* komu út í heftum á árunum 1889–1904 og er Dalasýsla með skýringum Hannesar Þorsteinssonar í síðasta heftinu.

ætlað að afla kirkjunni fjár og því hafi þeir gert sér „far um, að fá auðuga menn til að játa sem flestar yfirsjónir, og setja þeim svo harðar skriptir, sem þeir sáu sér framast fært.“²³

Eins og í bréfinu til Jóns Þorkelssonar frá 23. apríl 1898 efast Hannes Þorsteinsson ekki um að skriftamálin séu komin frá Ólöfu en bætir því við að þau kunni að vera færð í stílinn af klerkum. Svipaðan vafa má sjá hjá Edvard Bull sem telur að þau séu „rimeligvis den rike Olof Loptsdatters skriftemål.“ Hann segir að þau beri „et sterkt personlig preg; bekjennelsen er skrevet ned, ettersom tingene er faldt henne ind, eller ettersom skriftefaren har spurt.“²⁴ Því sé varla nokkur sérstök ástæða til að efast um að skriftamálin séu ekta, „selvom det rigtigt nok har været litet almindelig, at skriftemålene var skriftlige.“²⁵ Í lokin tekur hann fram að ekki sé vitað „hvor meget i dette skriftemål der skyldes Olof selv, hvor meget en eller annen prest“.²⁶ Oluf Kolsrud gagnrýnir þetta sjónarmið Bulls í ritgerð sinni „Kirke og folk i middelalderen“ og sýnir fram á að Ólöf hefur verið „en religiøs rigorist, hvilket gjør hendes skriftemaal meget troværdigt.“²⁷

Hugmyndin um að skriftamálin séu komin frá Ólöfu hefur síðan gengið aftur allt fram á þennan dag. Arnór Sigurjónsson fjallar um þau í *Vestfirðingasögu* og vill hlut Ólafar í þeim sem mestan: „Skriftamál þessi hafa verið gerð eins og önnur skriftamál frá þessum tímum undir handleiðslu kaþólskra presta og bera vitanlega svip af því, hvaða syndajátninga þeir hafa krafizt, en svo ríkilát kona sem Ólöf hefur þó eflaust ráðið þar miklu um, hvað hún taldi fram og hvernig.“ Telur hann skriftamálin „mjög bersögul“ og bendir réttilega á að þau séu „um margt svo ljóslega fram sett, að þau hafa talsverðan svip af bókmenntum.“²⁸ Skriftamálin tekur hann sem heimild um Ólöfu sjálfa: „Um hjúskap og ástalíf sitt er hún bæði fjölyrt og berorð. Mætti af því, sem hún segir um þau efni, álykta,

23 *Sýslumannaæfir* II, bls. 513 nm.

24 Edvard Bull, *Folk og kirke*, bls. 169.

25 Sama, bls. 170.

26 Sama, bls. 173.

27 Oluf Kolsrud, „Kirke og folk i middelalderen,“ bls. 144-145.

28 Arnór Sigurjónsson, *Vestfirðingasaga 1390-1540*, bls. 140.

að í þeim efnum hafi hún verið hamingjulítill en svallsöm.²⁹ Í ritdómi um *Vestfirðingasögu* áréttar Björn Þorsteinsson að hann telji skriftamálin „ekki rétt feðruð“ en hrósar samt höfundinum fyrir að hafa með hjálp þeirra leyst Ólöfu ríku úr álögum og gætt hana lífi og litum.³⁰

Í helgarblaði *Tímans* 16. apríl 1988 er á forsíðu slegið upp ýtarlegri umfjöllun um skriftamálin undir fyrirsögninni „Léttlátar augnatilrenningar, umspenningar og nákvæm líkamanna samkoma“ með löngum tilvitnunum í klúrustu kaflana, djörfum millifyrirsögnum og flennistórri myndskreytingu. Að sögn blaðsins er „lítill efi á að hinn pápíski skriftafaðir Ólafar, hvort sem hann hefur verið prestur hennar eða maður hærri kirkjulegrar virðingar, hefur ekki sparað að ýta undir játningar hennar og bersögli um rekkjumálin“ og að „syndahaðnan Ólöf hafi fundið sér nokkra fordild í að jata bresti sína á sem stórfenglegastan hátt.“³¹ Í *Íslensku kynlífsbókinni* vitnar Óttar Guðmundsson til skriftamálanna sem heimildar um kynlíf 15. aldar og gengur að því vísu að í þeim sé Ólöf að lýsa sjálfri sér: „Ólöf kveðst vera sek og syndug í augliti almáttugs Guðs [...]. Hún viðurkennir í mikilli iðrun að hafa legið með bónda sínum þegar hún hafði tíðir, blóðfallssótt, eða var þunguð og haft við hann samfarir á helgum dögum kirkjunnar [...].“³² Síðan tekur hann skriftamálin til vitnisburðar um samfarastellingar aldarinnar þar sem Ólöf „viðurkennir að hafa haft samfarir liggjandi á hliðinni [...].“ Til útskýringar tekur hann fram að „karlmaðurinn hefur hér tekið Ólöfu aftanfrá.“³³

Skriftaspeglar

Sú hugmynd að rituð skriftamál megi tengja ákveðinni persónu stríðir gegn reglum kaþólsku kirkjunnar um skriftir sem voru algjört trún-

29 Sama, bls. 141.

30 Hann segir: „Síðmiðaldir voru mjög hispurslaut og opinskátt tímabil [...]. Þá voru sköpin stolt karlmansins, Bósa saga samín og skriftamál Ólafar ríku. Ólöf ríka er stórt en ópersónulegt nafn í íslenskrí sögu. Með hjálp skriftamálanna leysir Arnór hana úr álögum og gæðir hana lífi og litum [...].“ Sbr. Björn Þorsteinsson, „Frá síðasta skeiði ættasamfélagsins á Íslandi. Um Vestfirðingasögu Arnórs Sigurjónssonar.“ Bls. 103.

31 *Tíminn* 16. apríl 1988, bls. 1–2.

32 Óttar Guðmundsson, *Íslenska kynlífsbókin*, bls. 35.

33 Sama, bls. 134.

aðarmál milli skriftabarns og prests, enda hafa persónuleg skriftamál hvergi varðveist.³⁴ Hins vegar eru víða til staðlaðir formálar að bæði skriftamálum og skriftaboðum til leiðbeiningar fyrir skriftafeður og skriftabörn.³⁵ Slíkir formálar, stundum kallaðir skriftaspeglar, fóru eftir mjög ákveðnum reglum. Taldar voru upp hinar sjö höfuðsyndir sem skriftabarnið hafði meira eða minna drýgt og varð að fá aflausn fyrir með því að gera yfirbót. Til er merkilegur íslenskur skriftaspeglill frá 15. öld sem varðveist hefur í handritum frá svipuðum tíma. Í skjalinu sjálfu er hann kallaður „speculum penitentis, það er að skilja speglill syndugs manns og iðranda, því að svo sem þú sér í glerinu meður líkamsaugum þína ásjónu hvort sem hún er björt eða svört eða flekkótt, svo sér þú í þessum spegli þína sál meður hugskots auga, hvort þú hefir gert hana bjarta með góðum verkum eða svarta með illum eða flekkóttu.“³⁶ Eins og aðrir skriftaspeglar á hann sér latneska fyrirmynd og er að nokkru leyti þýðing á latneskum skriftaspegli frá 13. öld.³⁷ Í honum eru taldar upp höfuðsyndirnar sjö, superbia (drambsemi), invidia (öfund), ira (reiði), accidia (leti), avaricia (ágirnd), gula (offylli) og luxuria (hór), en „þessar eru upphaf og rót allra synda meður þeim ýmsum kvistum sem út af þeim renna og gjörast.“³⁸ Eru syndirnar nákvæmlega flokkaðar og síðan skilgreindar með tilliti til hve alvarlegar þær eru. Mest áhersla er

34 Skrifitir felast í skriftaformálum (lat. confessio) og skriftaboðum (lat. poenitentia), þ.e. bæði í játningum synda og viðurlögum við þeim. Sjá Edvard Bull, *Folk og kirke*, bls. 106 o.áfr. Skriftaformálar eru staðlaðar forskrifitir syndajátninga. Ekki eru alltaf skýr mörk milli skriftaboða og skriftaformála í heimildum. Um leynd skriftamála, sjá Edvard Bull, *Folk og kirke*, bls. 93; einnig Jarl Gallén, „Botsakrament,“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder II*, bls. 183.

35 Á miðöldum voru skrifaðar handbækur með svokölluðum skriftaspeglum sem fengu mikla útbreiðslu. Sjá Jarl Gallén, „Botsakrament,“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder II*, bls. 183–184. Í riti Jaakko Gummerus, *Beiträge zur Geschichte des Buss- und Beichtwesens in der schwedischen Kirche des Mittelalters I* frá árinu 1900 er að finna dæmi um sænska skriftaformála. Georg Baesecke endurgerir forna þýska skriftaformála í ritgerð sinni, „Die altdeutschen Beichten“ í *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache* 1925. Telur hann að prestar hafi stuðst við ritaða skriftaformála við skrifitir og breytt þeim eftir þörfum. Sjá einnig H. Eggers, „Die altdeutschen Beichten“ í sama riti árið 1955, en hann telur að skriftaformálar hafi verið skrifaðir niður af fræðilegum áhuga en ekki til hagnýtra nota.

36 „Speculum penitentis,“ *Opuscula VIII*, bls. 222.

37 Sama, bls. 225.

38 Sama, bls. 212.

lögð á „hóranarsyndir“,³⁹ sem greinast margfaldlega, og þarnæst ágirnd og drambsemi, en sömu áherslu má sjá í svokölluðum skriftamálum Ólafar.⁴⁰

Að minnsta kosti tveir skriftaformálar eru til í íslenskum heimildum, „Syndajátning“ í *Íslensku hómilíubókinni* frá því um 1200, og „Syndajátningarformáli“ í skriftaboðum Árna biskups Þorlákssonar frá 1269.⁴¹ Þetta eru formálar opinberra skriftamála sem prestur fer með fyrir söfnuðinn og söfnuðurinn endurtekur, sbr. formálann í skriftaboðum Árna sem hefst svo: „Þá segið svo eftir sem eg segi fyrir.“ Í báðum tilvikum eru formálarnir lagðir körlum í munn.

Í viðtali við Stefán Karlsson handritafræðing í *Morgunblaðinu* 22. maí 1988 bendir hann á upphaf skriftamála aftan við handrit af *Margrétar sögu* frá um 1400. Þetta eru persónuleg skriftamál, lögð konu í munn, og þau hefjast á svo til sama orðalagi og skriftamál Ólafar. Þessi skriftamál telur Stefán sambærileg við þau sem eignuð eru þeim Ólöfu ríku og Solveigu dóttur hennar. Telur hann að textarnir séu samsettir af kennimönnum, jafnvel þýddir úr erlendum málum, og hafi verið ætlaðir þeim til stuðnings við starf sitt. Hafi meginhlutverk þeirra verið „að vara lesandann við öllum þeim hugsanlegum syndum sem eru tíundaðar í þeim,“ auk þess sem það hafi verið „hagræði að því fyrir þann sem gekk til skrifta að hafa á takteinum staðlað og vel stílað orðalag um þær syndir sem hún eða hann hafði ástæðu til að skrifa hverju sinni.“⁴² Hann telur alla textana ósvikna miðaldertexta og eldri en svo að nokkur þeirra geti verið eftir Ólöfu.⁴³

39 Sama, bls. 218.

40 Í greininni „Sex and Confessions in the Thirteenth Century“ í *Sex in the Middle Ages* (1991) fjallar Pierre J. Payer um samband kynlífs og skrifta á 13. öld og þann mikla kynlífsáhuga sem sjá megi í skriftaformálum frá þessum tíma. Þetta tengir hann flóði handbóka um skriftir í kjölfar samþykktar kirkjuþingsins í Lateran árið 1215, þar sem öllum var gert að skrifa a.m.k. einu sinni á ári. Þessa miklu áherslu á alls kyns hórdómsbrot má reyndar þegar sjá í skriftaboðum Þorláks biskups frá 12. öld. Sjá útgáfu Sveinbjörns Rafnssonar í „Skriftaboð Þorláks biskups“ í *Griplu* V, 1990.

41 *Íslensk hómilíubók*, bls. 211–212. Skriftaboð Árna biskups Þorlákssonar eru prentuð í *Íslensku fornbréfasafni* II, bls. 37–49.

42 „Skriftamál Ólafar Loftsdóttur: Ég aum, sek og syndug. Stefán Karlsson handritafræðingur er á annarri skoðun.“ *Morgunblaðið* 22. maí 1988. Blað B, bls. 8. Viðtalið birtist í framhaldi af umfjöllun *Tímans* 16. apríl sama ár.

43 Í riti sínu *Fjarri hlýju hjónasængur* (1992), bls. 52, segir Inga Huld Hákonardóttir að sagnfræðingar efi að skriftamálin séu eftir Ólöfu og telji þau rituð eftir erlendri staðlaðri forskrift.

„Skriftamálin“ í handriti *Margrétar sögu* eru skriftaformáli. Það eru einnig svokölluð skriftamál Solveigar Björnsdóttur í *Íslensku fornbréfasafni*. Í eftirmála kallar skrifarinn þau „formála“ eða „form“. Hann segir. „Þessi ofanskrifaður skriftaformáli var ritinn á pergamentsrollu eftir hverju þetta er skrifað, og er þetta form eignað Solveigu Bjarnardóttur hinni ríku.“⁴⁴ Textinn kallast augljóslega á við skriftaspegilinn „Speculum penetentis“, en snúinn upp á konur.⁴⁵ Sú sem skriftar hefur sýnt sig „vilja vera yfir öllum, en undir öngvum“. Börn sín hefur hún illa „siðað og tyftað, og látið þau mörgum óvanda fram fara, og svo sjálfa mig illa siðað og annað fólk til, það eg hefi átt með að gera.“ Hún hefur borið á sig „gull og silfur og alla vega volsað mínum líkama og mínum klæðum [...] og látið allt eftir líkamanum, það sem hann hefir kunnað að beiðast,“⁴⁶ og ekki síður drýgt „synd líkams munaðarins, þótt eg hafi stödd verið í þeim veikleika kvenlegrar náttúru, sem er fluxum sangvinis.“⁴⁷

Paródía

Þegar skriftamál Ólafar eru borin saman við upphaf formálans úr handriti *Margrétar sögu* og skriftaformála Solveigar kemur í ljós mikill munur á stíl. Skriftaformálarnir eru staðlaðir textar, upptalning á syndum, samkvæmt forskrift. Skriftamál Ólafar einkennast af ýkjum, stóryrðum og líkamslýsingum og þau breiða úr sér í sviðsetningum. Lögð er áhersla á neðri hluta líkamans, líkamsstarfsemi og líkamslosta, hömluleysi og afbrigðileika. Hátt verður lágt, andi verður efni.

Hún getur því miður ekki heimilda. Samfaralýsingarnar segir hún að gætu verið eftir munka sem hefðu notið þess að semja þær „líkt og þegar karlar nú á tímum skoða æsilegt klámblað eða ‘bláa’ spólu.“ Sbr. einnig fyrrnefndan ritdóm Björns Þorsteinssonar um *Vestfirðingasögu* Arnórs Sigurjónssonar þar sem segir: „Ég er vantrúaður á að skriftamálin séu rétt feðruð. Skriftamál voru trúnaðar- og einkamál að fornu og nýju og ekki ætluð til útgáfu [...] Hins vegar gefur auga leið, að fávísir prestlingar, sem hvorki áttu né máttu vera lífsreyndir í kynferðismálum og refsák mannlífsins, hafa þurft á rækilegum leiðbeiningum að halda til þess að vera hæfir skriftafeður og jafnvel þola skriftirnar. Ég hef litið á skriftamálin sem fróunar- og fræðslubókmenntir klerka fremur en einkamál ákveðinnar persónu.“ Sjá Björn Þorsteinsson, „Frá síðasta skeiði ættasamfélagsins á Íslandi,“ bls. 103-104.

44 *Íslenskt fornbréfasafn* VII, bls. 242.

45 Jonna Louis-Jensen bendir á nokkur dæmi um skyldleika þessara texta bæði hvað varðar efni og orðalag í formála að útgáfu „Speculum penetentis“, *Opuscula* VIII, bls. 203-204.

46 *Íslenskt fornbréfasafn* VII, bls. 240.

47 Sama, bls. 239.

Textinn einkennist með öðrum orðum af grótesku myndmáli, eins og það er t.a.m. skilgreint af Mikhail Bakhtin og ryður sér mjög til rúms í bókmenntum á síðmiðöldum.⁴⁸ En gróteskt myndmál er jafnframt eitt megineinkenni á skopstælingu – eða paródíu.

Í riti sínum *Die Parodie im Mittelalter* fjallar Paul Lehmann um skopstælingu á latneskum helgisiðum og helgiritum, og ýmsar tegundir hennar, svo sem Parodia sacra (guðspjallaskop) og Joca monachorum (munkaskop). Slíkar paródíur voru mjög algengar á miðöldum. Allt var skopstælt: bænir, sálmar, bænasöngvar (litaníur), grafskriftir, skriftamál, guðspjöllin, guðsþjónustan og píslarsagan. Einnig voru skopstæld bréf, tilskipanir, lyfseðlar og málfræði. Maríukvæði verða að drykkjuvísium, himnaríki að krá. Siðaprédikanir verða að sögum um munku sem láta flekast af giftum konum. Menn verða að dýrum. Í einum skopstældu skriftamálunum ganga úlfur, refur og asni til skrifta. Lehmann skilgreinir paródíu sem sérstaka tegund bókmenntalegrar eftirlíkingar. Flestar paródíur tala ekki með eigin orðum, heldur snúa út úr orðum annarra og þekktra texta, sem þær vísa mjög ákveðið til, m.a. með því að nota sama form. Oft hefjast þær á óbreyttum fyrstu línunum úr frumtexta eða þær endurtaka með jöfnu millibili einhverjar línur eða stef úr honum. Paródían lætur sem hún sé að segja satt og rétt frá, en er í raun að skrumskæla og gera grín.⁴⁹

Allt á þetta við um skriftamál þau sem eignuð hafa verið Ólöfu ríku. Þau eru bókmenntalegur texti, unninn upp úr stöðluðum skriftaformálum. Og er það skýringin á því sem Stefán Karlsson bendir á og þykir merkilegt „hve orðfærið í skriftamálum þeim sem Ólöf sé borin fyrir sé líkt orðfæri skriftamála hómilíubókarinnar.“⁵⁰ Í skriftamálum Ólafar eru orð og setningar úr skriftaformálum endurtekin með jöfnu millibili og síðan lagt út af þeim með ýktum tilvísunum í skriftaboð og skriftaspeglu. Orðin „eg hefi misgert“ og „minn andlegur (kæri, sæti) faðir“ ganga eins og leiðarminni um skriftamálin og sýna valdahlutföllin milli

48 Sbr. Mikhail Bakhtin, *Rabelais and His World*, einkum kaflann „Rabelais in the History of Laughter“, bls. 59–144.

49 Paul Lehmann, *Die Parodie im Mittelalter* (1922). Um skilgreiningar, sjá bls. 11–13.

50 „Skriftamál Ólafar Loftsdóttur: Ég aum, sek og syndug.“ *Morgunblaðið* 22. maí 1988. Blað B. Bls. 8.

hins andlega skriftaföður og hins líkamlega og iðrandi kvensyndara. Það er mikil írónía í textanum, t.a.m. þegar guði er í lokin kennt um allar syndirnar undir yfirskini syndajátningar: „Oftsinnis féll eg í greypilega guðlastan því að eg eignaði þá hluti guði sem eigi voru hans þá er eg sagði með mér hann skapað hafa efni og undirstöðu syndanna.“⁵¹

Athyglisvert er að öll „skriftamálin“ sem varðveist hafa eru lögð konum í munn. Þetta er varla tilviljun. Eins og Aron Gurevich bendir á í grein um alþýðumenningu í spegli skriftaboða,⁵² voru konur þjónar djöfulsins í augum kirkjuféðra, nornir og heiðingjar í eðli sínu. Konur og kynlíf voru það sama, og líkamslosti var andstæður guði og hættulegur kirkjunni. Handbækur fyrir skriftafeður sýna að þeim bar að spyrja sérstaklega hvort skriftabarnið hefði stundað kynlíf á bönnuðum tímum, og þeim var uppálagt að vara skriftabarnið við kynlífi af líkamslost, það átti eingöngu að vera til barngetnaðar. Vandamálið var konur, og samkvæmt Gurivich helgar kirkjufaðirinn Burchard af Worms marga og langa kafla í riti sínu um skriftir þeim syndum sem drýgðar eru með eða af konum.

Porthús líkamans

Konan og kirkjan eru andstæður, þar sem líkami og andi takast á. Þessi átök verða gjarnan uppspretta kláms,⁵³ eins og greinilega má sjá í ýmsum paródískum textum og bókmenntum miðalda. Þannig fjallar *Dekameron* eftir Boccaccio frá miðri 14. öld mjög um vanræktar eiginkonur og kynóða munka, ásamt tilheyrandi rúmsenum og samfaralýsingum, og þar fer fram mikið guðlast. Nokkrar af sögunum skopstæla skriftir, m.a. sú fyrsta. Skriftabarnið þar er karlmaður og opinber skjalaritari. Hann falsar mállskjöl, ber ljúgvitni, fer aldrei í kirkju, stundar ofát og drykkju, kann best við sig í lastabælum og hefur aldrei skrifað. Á banastund-

51 „Confessio turpissima,“ *Ný saga* 1999, bls. 20, dálkur 2.

52 Aron Gurevich, „Popular Culture in the Mirror of the Penitentials,“ *Medieval Popular Culture* (1988).

53 Michel Foucault fjallar um samband kirkju, kynlífs og kláms í riti sínu *The History of Sexuality* I, bls. 18 o.áfr. Upphaf kláms rekur hann til þess þegar kirkjan setti jafnaðarmerki milli syndar og kynlífs og tók að stjórna kynlífi með skriftaboðum. Telur hann að skriftamál og klám hafi síðan breiðst út sem orðræða kynlífs með aukinni lestrarkunnáttu á 18. öld.

inni gerist hann iðrandi syndari og kallar til skriftaföður. Það fyrsta sem skriftafaðirinn spyr um er „hvort hann hefði nokkurn tíma svalað girndum sínum til kvenna“.⁵⁴ Þessu neitar hann eins og öðrum höfuðsyndum sem hann hefur drýgt, en játar þess í stað syndir sem engar eru með miklum guðsorðaflaumi. Skriftafaðirinn trúir öllu og veitir honum ekki aðeins aflausn, heldur gerir hann að dýrlingi. „Og hver mundi líka ekki trúa, ef hann heyrði mann tala svona á banasænginni.“⁵⁵ Í annarri sögu er gert grín að skriftaboðum á mjög klámfenginn hátt. Segir þar frá getulausum og kokkáluðum eiginmanni sem er dómari. „Skaparinn hafði hagað svo mótun þessa náunga, að hann var betur vaxinn til sálarinnar en líkamans.“ Hann reynir að fela getuleysi sitt og koma sér hjá kynlífi með því að útskýra fyrir ungri eiginkonu sinni „að samkvæmt gömlu og merku almanaki væri náíð samneyti karls og konu mjög hæpið og ótilhlýðilegt ýmsa tilgreinda daga.“ Hvíldardögum fjölgar „þangað til að hann hafði þakið allt almanakið með viðbárum gegn því að snerta við konunni. Það var t.d. öll fastan, fæðingardagar píslarvotta og heilagra, föstudagar, laugardagar og hvíldardagar skaparans – auk ýmissa stigbreytinga á tunglinu, sem alveg fyrirbauð allt kynferðiskák af náttúrufræðilegum ástæðum.“⁵⁶ Eiginkonan er numin á brott af sjóræninga sem lætur svo blíðlega að henni að hún neitar að láta eiginmanninn frelsa sig. Hún segist hafa verið farin að líta á hann „sem gamalt almanak“ en nú hafi hún „fyrir guðs almáttugu forsjón“ lent í höndunum á manni sem héldi enga hvíldardaga, „engar föstur né píslarvættisafmæli heilagra [...] Þér vilduð, hvort eð var, heldur þjóna Guði en konunni yðar.“⁵⁷ Eiginmaðurinn veslast upp og deyr með þeim orðum að hún vildi „ekki halda hvíldardaga, tæfan sú arna!“ Sjóræninginn óguðlegi kvænist konunni og hirtu þau „ekki um hvíldardaga né dýrlingaafmæli, heldur unnu án afláts að ást sinni eins ótt og títt og fæturnir leyfðu þeim hreyfingu!“⁵⁸

54 Giovanni Boccaccio, *Dekameron* I, bls. 31. Vitnað er til þýðingar Skúla H. Magnússonar frá 1946. Eftir að þessi grein birtist kom bókin út í þýðingu Erlings Halldórssonar undir nafninu *Tíðægra*, Reykjavík: Mál og menning, 1999.

55 *Dekameron* I. Fyrsti dagur, fyrsta saga. Bls. 35.

56 Sama. Annar dagur, tíunda saga. Bls. 195.

57 Sama, bls. 199.

58 Sama, bls. 201.

Þessi samtenging konu, kynlífs og kristni kemur einnig fyrir í sögum af heilögum meyjum, sem eiga sér paródíska grein í sögunni af hinni frelsuðu portkonu. Frægasta portkvennasagan er *Maríu saga egypsku*, og er hún jafnframt saga um skriftir.⁵⁹ Þessa konu finnur munkur og eltir uppi í eyðimörk, nakta, kolbrunna og svarta af synd. Hann biður hana að skrifa „til þess að aðrir góðir menn mættu líkja eftir þínum góðum hlutum og dæmum.“⁶⁰ Það gerir hún síðan í löngu og ýtarlegu máli. María egypska hefur verið portkona í Alexandríu „svo sem sú er verst mátti vera“ og framið „líkamslosti með hverjum manni er það vildi gjöra“. Hún kaupir sér fót til að körlum lítist vel á hana og mat og drykk „til þess að líkami minn skyldi þá meiri gleði standast og fleira illt lystast en áður“.⁶¹ Þegar allir karlmenn í Alexandríu eru uppunir kemur hún sér á skip til Jórsala. Þarna vill hún hætta frásögn sinni, en munkurinn biður hana spenntur að halda áfram. „Fyrir guðs sakir, systir, kvað hann, segðu mér lengra, því að það gjörir margan mann góðan ef slíkt heyrir.“⁶² Á skipinu lokkar hún til sín alla karla og „var svo sem pyttur helvítis í að falla öllum þeim er við mig áttu og svo sem fella til músa.“ Í Jórsölum fer hún um borgina alla „og lokkaði eg til mín hvern mann þann sem eg mátti og spandi ég svo sálir þeirra til helvítis sem fiskar vefjast í neti.“⁶³ Þessi kona sem hefur verið í hreinsunareldi eyðimerkurinnar í 47 ár er sams konar „porthús“ líkamans og lýst er í „Confessio turpissima“ og sem „fjandinn muni til eldsneytis geymt hafa, minni hörmulegri sál til bótlausrar bölvunar.“⁶⁴

59 Á þetta bendir einnig Sverrir Tómasson í greininni „Hart er í heimi. Skriftir Maríu egypsku.“ Telur hann skriftamál þeirra Maríu og Ólafar ríku hafa sama mynstur, gert af karlmönnum kirkjunnar sem hafi notað játningarnar sem svipu á konur.

60 *Heilagra meylla sögur* (2003), bls. 30.

61 Sama.

62 Sama, bls. 31.

63 Sama. Skriftamál koma einnig fyrir í *Thaisar sögu* og *Pelagíu sögu* sem báðar er að finna í *Barlams sögu* og *Jósafats*. Í *Thaisar sögu* umbreytist jarðnesk og syndug rekkja hennar í heilaga himnaríkisrekkju eftir að hún hefur skrifað og snúið baki við fyrri líferni. Í *Pelagíu sögu* felst frelsun portkonunnar í því að hún „kastaði [...] brott kvenmannsbúnaði og tók upp karlmannsklæði“ og gerist einsetumaður. *Barlaams saga ok Josaphats saga* (1981), bls. 78–79. Um *Thaisar sögu*, sjá bls. 80–82 í sama riti.

64 „Confessio turpissima“, *Ný saga* 1999, bls. 20, dálkur 1.

Aumasti kennimann

Um leið og skriftamál Ólafar eru paródía á skriftir eru þau klám um líkama kvenna og kynlíf, þar sem karl leggur konu játningar í munn og lætur hana ljóstra upp sínum forboðnu leyndardómum.⁶⁵ Hina karlegu uppsprettu má sjá á ýmsum stöðum í textanum sjálfum. Fyrir utan að konan er stundum látin karlkenna sig málfræðilega, segist t.a.m. hafa girnst þess að vera „heilagur“,⁶⁶ kemur þetta fram í myndmáli samfaralýsinganna, þar sem konan tekur ýmist á sig hlutverk karlsins og er ofan á, eða hún er til hliðar sem er stelling homma (eða dýra).⁶⁷ Á tveimur stöðum þar sem textinn breiðir hvað mest úr sér er lýsing á kynferðislegri fullnægingu sem getur ekki átt við um konur. En hér koma jafnframt fyrir þær klúru klausur sem forseti Bókmenntafélagsins „innsirklaði“ og lét fella burt í útgáfunni:

Svo bar það og til stundum, þó háskalegt væri, ef eg hafði nokkra styggð eða reiting míns bónda óforsynju og hann vildi mig þýðast, hugsaði eg að hann skyldi missa þeirrar gleði sem eg mátti honum veita og útgefa, hafði þær hræringar með sjálfri mér áður hann bar sig til nokkurra gjörða, að mitt náttúrlegt eðli losaðist burt úr tilheyrilegum stað og í ógildan akur á minn líkama, myrðandi það efni og undirstöðu sem afskaplegt er, sem almáttugur guð hefur til ætlað að af samblandi blóðsins má gerast.⁶⁸

Þetta er lýsing á sjálfsfróun og sáðfalli, reynsla karlmanns án samneytis við konur, sennilega klerks eða kannski munks.⁶⁹ Athæfið er „háskalegt“. Í

65 Andrea Dworkin fjallar um sambandið milli kláms og kúgunar kvenna í riti sínu *Pornography: Men Possessing Women* (1979). Í klámi eru konur smættaðar í líkamshluta, þær eru afbrigðilegar og dýrslegar, hórur að eðlisfari. Önnur fræðikona á sviðinu, Susanne Kappeler, telur að klám geri konur að engu sem sjálfsveru. Það sýni þær annaðhvort sem þolendur á valdi eigin fýsna og líkama eða háðar losta karlmannsins. Þannig staðfesti það hagsmunir hans og vald. Sjá *The Pornography of Representation* (1986).

66 „Confessio turpissima“, *Ný saga* 1999, bls. 20, dálkur 1.

67 Hér má minna á frásögn *Gísla sögu* af níðinu sem Skeggi reisir Gísla og felst í aðdróttun um ergi: „Hann bað, at Refr skyldi gera mannlíkan eftir Gísla ok Kolbirni, – ‘og skal annarr standa aptar en annarr, ok skal níð þat standa ávallt, þeim til háðungar.’“ *Íslenzk fornrit* VI, bls. 10.

68 „Confessio turpissima“, *Ný saga* 1999, bls. 18, dálkur 1.

69 Svipaðar hugmyndir um sáðfall kvenna koma fyrir hjá Galen á annarri öld fyrir Krist. Sjá Michel Foucault, *History of Sexuality* 3, bls. 197, þar sem segir: „He assumes the emission of sperm by the woman as well as by the man, [...] less perfect in the woman and less complete.“

„Speculum penitentis“ er það „peccatum contra naturam“, en svo kallast „er maður sáir sæði sínu öðru vísi en í kvenlegan akur, það er í konu bland, að þar fæðist sáðið sem til er sett.“ Þessi synd er „mortale“, og „er því meiri sem meiri eru mein á og fúlslegar framið“. ⁷⁰ Það sama kemur fyrir í lýsingu á framhjáhaldi konunnar sem skriftar:

Einkanlega hefi eg misgert eigi síður, minn kæri faðir, að eg hefi oftlega í blíðlæti verið með aðra karlmenn, það er að skilja í kossum og faðmlögum, gleðilegum orðum og léttlátum augna tilrenningum, í umspennningum og nákvæmri líkamanna samkomu og í átekningum handanna og margháttuðum viðvikum þeim er full blíða mætti af gerast, og þó að með guðs drottins forsjá og þeirri minni ástundan að eigi skyldi eg af þess háttar manni saurgast, og þó að eg hefði við sjálfa hórdómsins framning eða samkomu getnaðarlimanna frí verið, þá hefi eg allt eins af fyrr sögðum blíðskap ruglast með sjálfri mér, svo að það hefir losnað sem eg átti að halda burt af geymslu míns kviðar og í óskaplegan stað annars vegar á minn líkama, og hvílik synd mér er þetta legg eg hana upp undir miskunnardóm drottins míns og yðar föðurlegt umdæmi í guðs nafni. ⁷¹

Það er athyglisvert hér að hórdómur felst aðeins í „samkomu getnaðarlimanna“. ⁷² Þetta á sér stoð í skriftaboðum Árna biskups, en þar er svohljóðandi eiðstafur: „Til þess leggur þú hönd á helga bók og því

70 „Speculum penitentis“, bls. 221. Pierre J. Payer fjallar um þetta í „Sex and Confession“ og telur að sjálfsfróun hafi verið bönnuð vegna þess að við það verður persónan „bæði karl og kona“ (132), auk þess sem það beri vott um samkynhneigð. „Any intentional emission of semen outside the vagina is to be considered an unnatural vice: those who do so are to be called sodomists.“ (135). Í „Skriftaboðum Þorláks biskups“ er að finna ákvæði um þessa tegund lostasemi: „Fyrir það skal minnst bjóða þess er í lostasemi er misgert að vakanda manni ef hann saurgast af blíðlæti við konu. Meira ef maður saurgast af höndum sínum sjálfs. Meira ef maður saurgast af tré boruðu. Mest ef maður saurgast af annars karlmanns höndum. Fyrir þessa hluti skal bjóða knébeðjaföll og bænahald um langaföstu og nokkuð af gagnföstum.“ Sveinbjörn Rafnsson, „Skriftaboð Þorláks biskups“, bls. 107-108.

71 „Confessio turpissima“, *Ný saga* 1999, bls. 18, dálkur 2.

72 Það er líklega þetta sem Jón Þorkelsson er með í huga þegar hann í kvæðabálki sínum „Mansöngur Svarts á Hofstöðum um Ólöfu Loptsdóttur“ vísar að karlhylli Ólafar og segir: „og branstu sjálf í afmorseldi, / en öllu hélzt í skefjum þó.“ *Vísnaðver Fornólfs* (þ.e. Jóns Þorkelssonar, 1923), bls. 93. Kvæðabálkurinn fjallar um ævi Ólafar ríku frá vöggu til grafar. Hann skiptist í sex flokka eftir tímabilum í ævi hennar, er 162 erindi og fyllir rúmlega einn þriðja af vísnaðverinu. Þar er þó hvergi minnst á skriftamálin að öðru leyti en þessu.

skýtur þú til guðs að þú hefir ekki það líkamlegt sambland átt við ... dóttur sem barngetnaður megi af verða né guðs rétti sé raskað.“⁷³ Einnig má benda á játningu Bjarna Ólasonar á Hvassafelli sem 14. nóvember 1480 „lýsti fyrir oss á Marteinz messu dag að nærveranda vorum andalegum föður biskup Ólafi á Hólum í Hjaltadal ókúgaður í alla staði að hann hefði legið hjá dóttur sinni Randíði líkamlega svo oft að hann kynni það ekki greina, svo fúllega og skammlega að hann sagðist kastað hafa sínu líkams sæði í sinn lófa og annarstaðar hvert sinn er hann hefði með henni legið, og margan annan skemmilegan gjörning þessum líkan með sínum handatílektum við hana haft [...].“⁷⁴ Játninguna endurtekur hann í viðurvist þriggja presta í júní 1481. Hann er „þá eftir spurður því hann hefði þessa skamm gjört, en hann svaraði að hann vildi ei að barngetnaður mætti af verða og sagðist halda sig þá sannan að sök.“⁷⁵ Eftir þetta tekur hann skriftir af biskupi. Þetta er karllegt sjónarhorn og sama tegund af lýsingu og sjá má í skriftamálunum.

Í aðalhandriti skriftamálaanna er eyða í fyrstu málsgrein fyrir nafn þess sem skriftar. Í fjögrablaðabrotinu hefur verið fyllt í hana og þar stendur: „eg aumasti kennimann“. Jón Þorkelsson hefur valið þann leshátt í prentuðu útgáfunni í *Fornbréfasafninu*, en með mislestri og síðan breytingu sem hann skýrir svo neðanmáls: „í aðalafskriftinni er hér eyða fyrir þessum orðum, en á blaðinu í fjöggra blaða broti stendur: ‚aumur kennimann‘, sem er án efa mislestur fyrir ‚aumur kvenmann‘, því að af öllum formála þessum er ljóst að það er kona sem hér gengur til skrifta.“⁷⁶ Þar með umbreytir hann hinum aumasta kennimanni, táknrænum höfundu textans, í auman kvenmann.

Lokaorð

Þá má hér í lokin spyrja af hverju skriftamálin hafi verið eignuð Ólöfu ríku, þessari miklu konu Íslandssögunnar. Í öllum þeim mörgu sögnum sem

73 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 44–45.

74 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 301. Í opinberu útgáfunni eru felldar burt klausur úr játningunni.

75 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 372.

76 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 238.

af henni fara má sjá að hún fer yfir mörk kvenleikans og ögrar hefðbundnum skilgreiningum á hlutverkum kynjanna. „Þótti í mörgu sem hún væri bóndinn og húsfreyjan,“ segir í „Hirðstjóraannál“. ⁷⁷ Ólöf grætur ekki, en vill hefna, og það gerir hún með fjöldaáftökum. ⁷⁸ Hún „klæddi sig í hringabrynju og þar yfir kvenmannsbúningi,“ ⁷⁹ er sem sagt karlmaður undir niðri. Hún eignast lausaleiksborn, en afneitar móðurhlutverkinu, bannar börnunum að kalla sig móður og eignar þau þernu sinni, ⁸⁰ ef hún þá ekki myrðir þau, eins og látið er að liggja í einni sögunni. ⁸¹ Hún ferðast, meira að segja til útlanda, ⁸² stendur fyrir byggingum, ⁸³ hefur um sig hirð og hirðskáld, ⁸⁴ heldur fanga ⁸⁵ og hefur mannaforráð, er rík og voldug. Hún ræður einnig fyrir veðri og vindum, og á banastundinni magnar hún upp svo mikinn storm að skip sökkva og kirkjur falla. ⁸⁶ Með sögunni um skriftamálin er hún færð til kvenleikans á ný, syndugur, breyskur og iðrandi kvenlíkama.

77 Jón Halldórsson (1665–1736), „Hirðstjóraannál“, *Safn til sögu Íslands* II, bls. 652.

78 Um þetta segir Jón lærði Guðmundsson (1574–1658) í ritgerð sinni „Um ættir og slekti,“ *Safn til sögu Íslands* III, bls. 718: „Hústrú Ólufu stukku ei tár eptir Björn ríka bónda sinn, þó svo sem glottandi við, en hennar grimma hefnd á engelskum var fáheyrð, hvar hún þá hittu og lukkaðist altíð.“ Sjá einnig Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannál“, bls. 654, og Bogi Benediktsson á Staðarfelli, *Sýslumannaæfir* II, bls. 511–512.

79 Jón Gizurarson (1590–1648) segir svo frá í „Ritgjörð um siðaskiptatímana,“ *Safn til sögu Íslands* I, bls. 674: „hún sagði: ‘ekki skal gráta Björn, heldur safna liði,’ hvað hún gjörði, klæddi sig hringabrynju og þar yfir kvenmannsbúnaði, dró svo með útbúið lið, komst með kænsku á Jónsmessu og hennar fólk að Engelskum, og drap þeirra mikinn fjölda [...]“

80 Bogi Benediktsson á Staðarfelli, *Sýslumannaæfir* II, bls. 507.

81 Sama, bls. 513.

82 Sama, bls. 507.

83 „lét hún þá ensku draga heim að staðnum grjót til garðlags, húsa og strætis, er hún lét þá leggja frá staðnum til kirkjunnar [...] Hún var hin mesta framkvæmdarkona, lét byggja Skarðskirkju mjög vandaða.“ Bogi Benediktsson á Staðarfelli, *Sýslumannaæfir* II, bls. 512.

84 Sbr. Jón lærði Guðmundsson, „Um ættir og slekti,“ bls. 712.

85 Bogi Benediktsson á Staðarfelli, *Sýslumannaæfir* II, bls. 512.

86 Jón lærði Guðmundsson segir svo frá í „Um ættir og slekti,“ *Safn til sögu Íslands* III, bls. 718–719: „Hvort hún deyði utanlands eða innan minnst eg ei. En Ólafarbyl er við brugðið, þegar hún dó. Í þeim byl urðu víða skipskaðar, hröpuðu hús á Íslandi en turnar utanlands.“ Jón Halldórsson segir frá því í „Hirðstjóraannál“, bls. 654, að þegar Ólöf dó á Skarði „kom það nafnfræga skaðastormviðri, er síðan var kallaður Ólafarbylur, og hún af því Ólöf bylja. Brotnuðu af því mörg hús og kirkjur hér á landi, og 5 skip, smá og stór við England.“ Sjá einnig Bogi Benediktsson á Staðarfelli, *Sýslumannaæfir* II, bls. 514.

Heimildir

Óprentaðar heimildir

- Lbs JS 308 8vo. Confessio turpissima uppskrifuð eftir gamalli pergamentsrollu anno 1773.
Lbs án safnmarks. Gjörðabók Hins íslenska bókmenntafélags í Reykjavík, byrjuð 7. Febrúar 1880.

Prentaðar heimildir

- Arnór Sigurjónsson. *Vestfirðingasaga 1390-1540*. Reykjavík: Leiftur, 1975.
Baesecke, Georg. „Die altdeutschen Beichten.“ *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache* 49, 1925.
Bakhtin, Mikhail. *Rabelais and His World*. Þýð. Helene Iswolsky. Cambridge, Mass.: MIT Press, 1968. [Frumútgáfa *Tvorchestvo Fransua Rable*, Moskva, 1965].
Barlaams ok Josaphats saga. Utg. ved Magnus Rindal. Norröne tekster 4. Oslo: Norsk historisk kjelde-institutt, 1981.
Björn Þorsteinsson. *Enska öldin í sögu Íslendinga*. Reykjavík: Mál og menning, 1970.
Björn Þorsteinsson. „Fall Björns Þorleifssonar á Rífi og afleiðingar þess.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*. Annar flokkur. 1.4. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1956.
Björn Þorsteinsson. „Frá síðasta skeiði ættasamfélagsins á Íslandi. Um Vestfirðingasögu Arnórs Sigurjónssonar.“ *Á fornum slóðum og nýjum*. Reykjavík: Sögufélag, 1978.
Boccaccio, Giovanni. *Dekameron I*. Þýð. Skúli Magnússon. Reykjavík: Bláfell, 1946.
Bogi Benediktsson á Staðarfelli. *Sýslumannaæfir II*. Með skýringum og viðaukum eptir Jón Pétursson og Hannes Þorsteinsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1889–1904.
Bull, Edvard. *Folk og kirke i middelalderen*. Christiania: Gyldendal, 1912.
„Confessio turpissima uppskrifuð eftir gamalli pergamentis rollu anno 1773.“ Helga Kress bjó til prentunar. *Ný saga* 1999.
Dworkin, Andrea. *Pornography: Men Possessing Women*. New York 1979.
Eggers, H. „Die altdeutschen Beichten.“ *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache* 77, 1955.
Einar Bjarnason. *Íslenskir ættstuðlar II*. Reykjavík: Sögufélag, 1970.
Einar G. Pétursson, „Fróðleiksmolar um Skarðverja.“ *Breiðfirðingur* 1990.
Foucault, Michel. *The History of Sexuality I-III*. Þýð. Robert Hurley. London: Penguin, 1990.
Gallén, Jarl. „Botsakrament.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder II*. København: Rosenkilde og Bagger, 1957.
Gísla saga Súrssonar. Íslensk fornrit VI. Björn K. Þórolfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1943.
Gummerus, Jaakko. *Beiträge zur Geschichte des Buss- und Beichtwesens in der schwedischen Kirche des Mittelalters*. I. Uppsala: Druck von H. Wretmen, 1900.
Gurevich, Aron. „Popular Culture in the Mirror of the Penitentials.“ *Medieval Popular Culture*. Cambridge: Cambridge University Press, 1988.

- Heilagra meylla sögur*. Kirsten Wolf sá um útgáfuna. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2003.
- Inga Huld Hákonardóttir. *Fjarri hlýju hjónasængur*. Öðruvísi Íslandssaga. Reykjavík: Mál og menning, 1992.
- Íslensk hómíllubók. Fornar stólræður*. Ritstj. Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson og Sigurbjörn Einarsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1993.
- Íslenzkar æviskrár I*. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948.
- Íslenzkt fornbréfasafn II*. Jón Þorkelsson sá um útgáfuna. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1893.
- Íslenzkt fornbréfasafn V*. Jón Þorkelsson sá um útgáfuna. Kaupmannahöfn, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1896-1899.
- Íslenzkt fornbréfasafn VI*. Jón Þorkelsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1900-1904.
- Íslenzkt fornbréfasafn VII*. Jón Þorkelsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1903-1907.
- Jón Gizurarson. „Ritgjörð um siðaskiptatímana.“ Með formála og athugasgreinum eftir Jón Sigurðsson. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju*. I. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1856.
- Jón lærði Guðmundsson. „Um ættir og slekti.“ Með formála og athugasemdum eftir Hannes Þorsteinsson. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju*. III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1902.
- Jón Halldórsson. „Hirðstjóra annáll.“ Með formála og athugasemdum eftir Guðmund Þorláksson. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju*. II. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1886.
- Jón Samsonarson. „Bændaháttur.“ *Gripla V*, 1982.
- Jón Þorkelsson. *Vísnaðver Fornólfs*. Reykjavík: Ársæll Árnason, 1923.
- Kappeler, Susanne. *The Pornography of Representation*. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1986.
- Kolsrud, Oluf. „Kirke og folk i middelalderen.“ *Norsk teologisk tidsskrift* 1913.
- Lehmann, Paul. *Die Parodie im Mittelalter*. München: Drei Masken Verlag, 1922.
- „Léttlátar augnatilrenningar, umspenningar og nákvæm líkamanna samkoma.“ *Tíminn* 16. apríl 1988. Helgarblað.
- Magnús Stefánsson. „Seksualitet og synd i middelalderen.“ *Liv og helse i middelalderen*. Ritstj. Ingvild Øye. Onsdagskvelder i Bryggens Museum VI. Bergen 1992.
- Óttar Guðmundsson. *Íslenska kynlífsbókin*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1990.
- Payer, Pierre J. „Sex and Confession in the Thirteenth Century.“ *Sex in the Middle Ages. A Book of Essays*. Ritstj. Joyce E. Salisbury. New York: Garland, 1991.
- „Skriftamál Ólafar ríku Loptsdóttur.“ *Morgunblaðið* 12. júlí 1981. [Viðtal Elínar Pálmadóttur við Magnús Stefánsson].
- „Skriftamál Ólafar Loftsdóttur: Ég aum, sek og syndug. Stefán Karlsson handritafræðingur er á annarri skoðun.“ *Morgunblaðið* 22. maí 1988. Blað B. [Viðtal við Stefán Karlsson].
- Skýrsla frá Þjóðskjalasafninu í Reykjavík*. Reykjavík 1917. [Formáli Jón Þorkelsson].
- „Speculum penitentis.“ Udgivet af Knud-Erik Holme Pedersen og Jonna Louis-

- Jensen. *Opuscula*. VIII. Bibliotheca Arnarnagæana. XXXVIII. Hafniæ: Reitzel, 1985.
- Sveinbjörn Rafnsson. „Skriftaboð Þorláks biskups.“ *Gripla* V, 1990.
- Sverrir Tómasson. „Hart er í heimi. Skriftir Maríu egypsku.“ *Sögur af háalofinu sagðar Helgu Kress 21. september 1989*. Ríttj. Ragnhildur Richter. Reykjavík 1989.
- Þorsteinn Þorsteinsson. *Magnús Ketilsson sýslumaður*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1935.

Ný saga, 1999

Summary

Confessio turpissima

The Confession of Rich Ólöf Loftsdóttir

The manuscript entitled “Confessio turpissima” (The Most Obscene Confession), from the latter part of the eighteenth century, is an unusual text – a Catholic confession in which an anonymous woman frankly confesses her sexual transgressions in a salacious manner to her spiritual father. The first edition of the text was published in 1900 in *Diplomatarium Islandicum*. It was attributed, with no apparent caution other than the use of brackets, to Rich Ólöf Loftsdóttir (1410–1479), one of the most powerful and renowned women in Icelandic history, and dated with the year of her death. Scholars since have regarded the text either as hers or at least as a woman’s genuine confession. Yet literary evidence indicates that the text is the work of a man, a parody of a confession in the vein of the *parodia sacra*, a popular literary genre in medieval times. Moreover, it is in the medieval tradition of the grotesque tale, such as those in Boccaccio’s *Decameron*, in which confessors, father confessors, and confessions are all held up to ridicule. In the first-person narrative of “Confessio Turpissima” the author, ostensibly a woman, repeatedly and inadvertently speaks of herself in the masculine and uses metaphors for male sexual gratification. Thus the attribution of the confession to Ólöf is spurious and the invention of latter-day scholars.